

MENNING

Skrásetning skógarins

MYNDLIST

Safn

Joan Backes

Til 6. ágúst. Opilð mið.-fös. frá kl. 14–18,
lau. og sun. kl. 14–17.

JOAN Backes má líklega flokka í hóp Íslandsvina, en hún hefur nú sýnt verk sín nokkrum sinnum hér á landi, í Hafnarborg og nú í fyrsta sinn í Safni við Laugaveg. Joan sækir innblástur til náttúrunnar, en hún kom hingað fyrst m.a. vegna áhuga síns á málverkum Þórarins B. Þorlákssonar og fleiri íslenskra málara frá upphafi síðustu aldar.

Backes er nú að nokkru leyti á svipuðum slóðum og á sýningu sinni í Hafnarborg 2003 en hún hefur þrengt viðfangsefnið og einfaldað heildarmyndina sem kemur verkum hennar og ætlun til góða. Uppi- staða sýningarinnar í Safni er málverk af trjábarki ýmissa trjategunda, tegundin er þó ekki tilgreind heldur landið þar sem málverkið er málað en listakonan hefur dvalið á norðurslóðum, Íslandi, Finnlandi og Nova Scotia. Innsetning hennar í litlu herbergi á annarri hæð er sannfærandi, þar sem brúnleitur bakgrunnur skapar andrúmsloft sem minnir á söfn fyrri tíma, náttúrugripasafn eða listasafn með dökkmáluðum veggjum en vísar líka til lita náttúrunnar.

Backes leitast við að herma nákvæmlega eftir dálitlum hluta trjástofna, en myndirnar verða, mynstursins vegna og vegna tengslaleysis við greinar, lauf eða annað þekktanlegt, óhlutbundin.

Áhorfandinn getur því valið hvernig hann skoðar þær, línur og liti eða hvort hann reynir að þekkja trjategundina. Á efstu hæð í Safni sýnir Backes „lamíneruð“ laufblöð, svipað og sjá mátti 2003 og lítil tré eins og steypit í mót, auk málverka en sá hluti sýningarinnar er ekki eins heilsteypur og innsetningin á annarri hæð.

Í málverkum sínum kemur Backes inn á fleti sem hafa verið ofarlega á döfni í listum um nokkurt skeið. Hún nálgast viðfangsefni sitt að hluta til á vísindalegan hátt, setur sig í hlutverk rannsóknarmanns sem rannsakar ekki aðeins myndefni sitt heldur málverkið og eðli þess um leið. Þessi hálfvísindalega nálgun, eins konar skrásetning, birtist á ýmsan máta í samtímalistum, myndlistarmaðurinn Einar Garibaldi setti t.d. upp eftirminnilega sýningu á birtingarmyndum náttúrunnar í sýningunni Flogið yfir Heklu þar sem hann var sýningarstjóri árið 2001 og velti þannig fyrir sér hlutverki landsins. Húbert Núi malar rómantískt landslag en skráir um leið GPS-staðsetningu líkt og landmælingamaður, Roni Horn rannsakar vatnsyfirborð, Olga Bergmann vinnur að list sinni í nafni vísindamannsins Doktor B.

Nálgun þessara listamanna er að sjálfsögðu ekki vísindaleg í raun heldur aðeins í formi vísindalegrar nálgunar, sá sem vildi rannsaka trjábörk tæki líklega ljósmyndir frekar en að velja afmarkaða fleti og mála þá eins og Backes gerir. Málverk hennar falla heldur ekki undir raunsæisstefnu, til þess er sjónarsviðið of afmarkað og markmið þeirra annað. Innsetning Backes hefur nostalgískt yfirbragð sem



Eitt verka Joan Backes í Safni.

gefur verkum hennar ljóðrænan blæ og kallar fram trega vegna hverfandi og deyjandi skóga. Hún sýnir hvernig mjög afmörkuð og einföld hugmynd getur margfaldast og orðið að eftirminnilegu listaverki, þó á hógværum notum sé.

Ragna Sigurðardóttir

Morgunblaðið July, 2006 (Reykjavik, Iceland)

“Cataloguing the Forest” by Ragna Sigurðardóttir, Art Critic

Visual Arts

Joan Backes at Safn

Through August 6. Open Wed-Fri 14-18:00, Sat. and Sun. 14-17:00

Joan Backes probably ranks as an Icelandophile by now, as she’s shown her work several times in this country, at Hafnarborg and now, for the first time, at Safn on Laugarvegur. Joan looks to nature for inspiration, but part of what first brought her here was her interest in the paintings of Þórarinn B. Þorláksson and other Icelandic painters from the beginning of the last century.

While Backes continues to explore more or less the same territory as in her 2003 exhibition at Hafnarborg, she has narrowed her focus and simplified the big picture, to the benefit of both her work and her aim. The core of her show at Safn is paintings of the bark of diverse trees. The trees are identified not by species but by the country in which each was painted; Backes has lived in such northern parts as Iceland, Finland, and Nova Scotia. The installation of the show in a small second-floor room enhances its effect: the brownish background creates an atmosphere reminiscent of museums of the past—natural history collections or art museums with darkly painted walls—and yet also suggests natural colors.

Backes strives to precisely reproduce a minute portion of a tree trunk, but, due to the patterning, and due to the disassociation with branches, leaves, or other recognizable aspects, the images become abstract. Thus the observer can choose whether to examine the paintings as line and color, or to try to discern the kind of tree. In Safn’s upper gallery, Backes shows laminated leaves, similar to those seen in her 2003 show, and small trees, apparently cast from a mold, as well as paintings; this part of the show does not have the unity of the installation on the second floor.

With these paintings, Backes forays into what has lately been an emerging field in the art world: she approaches her material in a partly scientific way, placing herself in the role of a researcher who, in the course of studying the subject of her painting, studies the nature of the painting itself. This pseudoscientific approach, a kind of cataloguing, has diverse manifestations in contemporary art. For example, the artist Einar Garibaldi set up a memorable exhibition of natural formations in the show *Flying over Hekla*, which he curated in 2001, as a way to examine portrayal of the land. Húbert Nói paints a romantic landscape, only to record GPS readings on it, like a surveyor; Roni Horn studies the surface of water; Olga Bergmann works at her art under the name of scientist Doctor B.

These artists’ approach is, of course, scientific only in form. One who really wanted to study tree bark would probably take photographs rather than select and paint circumscribed surfaces, as Backes does. Nor do her paintings fall under the heading of realism: their field of vision is too restricted, and they have a different goal. The reflective mood of Backes’s installation casts her works in a poetic light and evokes the poignancy of a disappearing and dying forest. She demonstrates how a circumscribed and simple idea, however gently stated, can be magnified into memorable artwork.